

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á unnum kjötvörum.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III A og IV A við tollalög númer 55/1987, með síðari breytingum, í samræmi við tillögur er nefnd skv. 75. gr. laga nr. 99/1993, með síðari breytingum, hefur gert.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollur	Magntollur
<i>Kjötvörur úr vörulið 1602:</i>		kg	%	kr/kg
Tollnúmer: (Nánar vísast til texta í tollskrá)		38.000		
1602.1001 Blönduð matv.meira en 60% af kjöti	20.01.-30.06.	-	0	84
1602.1009 Meira en 20% til og með 60%	20.01.-30.06.	-	0	84
1602.2011 Meira en 60% af dýralifur	20.01.-30.06.	-	0	116
1602.2012 Meira en 20% til og með 60% af dýralifur	20.01.-30.06.	-	0	116
1602.2019 Annað	20.01.-30.06.	-	0	44
1602.2021 Annað, meira en 60% af d. lifur	20.01.-30.06.	-	0	117
1602.2022 Annað, meira en 20%, til og með 60%	20.01.-30.06.	-	0	78
1602.2029 Annað	20.01.-30.06.	-	0	26
1602.3101 Úr kalkúnum meira en 60%	20.01.-30.06.	-	0	202
1602.3102 Úr kalkúnum meira en 20% til og með 60%	20.01.-30.06.	-	0	202
1602.3109 Annað	20.01.-30.06.	-	0	115
1602.3201 Úr hænsnum meira en 60%	20.01.-30.06.	-	0	202
1602.3202 Úr hænsnum meira en 20%, til og með 60%	20.01.-30.06.	-	0	202
1602.3209 Annað	20.01.-30.06.	-	0	115
1602.3901 Annað, meira en 60% úr alifuglum	20.01.-30.06.	-	0	202
1602.3902 Annað, 20% til og með 60% úr alifuglum	20.01.-30.06.	-	0	202
1602.3909 Annað	20.01.-30.06.	-	0	115
1602.4101 Úr svínunum meira en 60%, læri og lærissn.	20.01.-30.06.	-	0	521
1602.4102 Meira en 20% til og með 60%, af kjöti	20.01.-30.06.	-	0	343
1602.4109 Annað	20.01.-30.06.	-	0	115
1602.4201 Meira en 60% af kjöti, bógur og bógsn.	20.01.-30.06.	-	0	412
1602.4202 Meira en 20% til og með 60%, af kjöti	20.01.-30.06.	-	0	247
1602.4209 Annað	20.01.-30.06.	-	0	83
1602.4901 Annað, meira en 60% af kjöti, blöndur	20.01.-30.06.	-	0	511
1602.4902 Annað, meira en 20% til og með 60%, af kjö.	20.01.-30.06.	-	0	307
1602.4909 Annað	20.01.-30.06.	-	0	102
1602.5001 Meira en 60% kjöt úr nautgripum	20.01.-30.06.	-	0	362
1602.5002 Meira en 20% til og með 60%, úr kjöti	20.01.-30.06.	-	0	304
1602.5009 Annað	20.01.-30.06.	-	0	102
1602.9011 Úr dillkakjöti meira en 60% af kjöti	20.01.-30.06.	-	0	442
1602.9012 Meira en 20% til og með 60%, af kjöti	20.01.-30.06.	-	0	265

1602.9019	Annað	20.01.-30.06.	-	0	89
1602.9021	Annað, úr öðru kjöti meira en 60%	20.01.-30.06.	-	0	442
1602.9022	Annað, meira en 20% til og með 60%, af kjö.	20.01.-30.06.	-	0	265
1602.9029	Annað	20.01.-30.06.	-	0	89

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímahlís. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Úthlutun er bundin við handhafa heildsöluleyfis og er ekki framseljanleg.

Verði umsóknir um tollkvóta meiri en það sem er til úthlutunar skal leita tilboða í tollkvóta.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði Auglýsingar vegna innflutnings á landbúnaðarvörum nr. 483/1995.

4. gr.

Verði sótt um meira magn en tilgreint er við neðantalda vöruliði, skal að lágmarki úthluta sem hér greinir:

vöruliðir	1602.10XX	1.000 kg
vöruliðir	1602.20XX	1.000 kg
vöruliðir	1602.3XXX	7.000 kg
vöruliðir	1602.4XXX	6.000 kg
vöruliðir	1602.50XX	2.000 kg
vöruliðir	1602.90XX	2.000 kg

Gangi það magn sem tilgreint er í töflu hér að ofan ekki út verður það sem á vantar bætt við hina almennu úthlutun, sbr. 2. gr., þó þannig að heildarmagn fari ekki yfir 38.000 kg. Að öðru leyti gilda ákvæði 2. gr. um úthlutun skv. þessari grein.

5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum á henni skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi og gildir til 1. júlí 1996.

Landbúnaðarráðuneytinu, 17. janúar 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.